

## ÁTTUNDA TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/44/EB

frá 22. júlí 1997

### um ákvæði varðandi sumartíma(\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar<sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b  
í sáttmálanum<sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með sjöundu tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/21/EB frá  
30. maí 1994 um ákvæði varðandi sumartíma<sup>(4)</sup> var tekin upp  
sameiginleg dag- og tímasetning í öllu bandalaginu sem markaði  
upphaf sumartímans árin 1995, 1996 og 1997. Í sjöundu  
tilskipuninni eru tilteknar tvær mismunandi dagsetningar til að  
marka lok sumartímans á árinu 1995, önnur fyrir öll aðildarríkin  
nema Írland og Breska konungsríkið og hin fyrir Írland og Breska  
konungsríkið, en þó er þar tekin upp sameiginleg dag- og  
tímasetning í öllu bandalaginu sem markar lok sumartímans árin  
1996 og 1997.

Þar sem aðildarríkin beita ákvæðum um sumartíma er mikilvægt,  
með tilliti til starfsemi innri markaðarins, að tekin verði upp  
sameiginleg dag- og tímasetning til að marka upphaf og lok  
sumartímans fyrir allt bandalagið.

Með hliðsjón af dreifræðisreglunni er nauðsynlegt að til komi  
aðgerð af hálfu bandalagsins svo að tryggt sé að tímasetningin sé  
fullkomlega samhæfð með það í huga að auðvelda flutninga og  
samskipti.

Aðildarríkin líta svo á að rétt sé að miða lok sumartímans við  
októberlok. Því ber að standa við þá dagsetningu.

Samkvæmt 4. gr. sjöundu tilskipunarinnar skulu Evrópuþingið  
og ráðið samþykkja fyrir 1. janúar 1997 það fyrirkomulag sem á  
að gilda frá og með árinu 1998.

Af landfræðilegum ástæðum skulu sameiginleg ákvæði um  
sumartíma ekki gilda um umdæmi aðildarríkjanna handan hafsin.

Með gerð tímaáætlana í huga, einkum á sviði flutninga og  
samskipta, skal ákveða tilhögun sumartíma fyrir nægilega langt  
tímabil. Því ber að setja ákvæði fyrir árin 1998, 1999, 2000 og  
2001.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun merkir „sumartími“ þann tíma ársins þegar  
klukkunni er flýtt um 60 mínútur miðað við annan tíma ársins.

2. gr.

Í hverju aðildarríki skal sumartíminn árin 1998, 1999, 2000 og  
2001 hefjast kl. 1.00 að heimstíma (GMT) síðasta sunnudag í  
mars, þ.e.:

- árið 1998: 29. mars,
- árið 1999: 28. mars,
- árið 2000: 26. mars,
- árið 2001: 25. mars.

3. gr.

Í hverju aðildarríki lýkur sumartímanum kl. 1.00 að heimstíma  
(GMT) síðasta sunnudag í október árin 1998, 1999, 2000 og  
2001, þ.e.:

- árið 1998: 25. október,
- árið 1999: 31. október,
- árið 2000: 29. október,
- árið 2001: 28. október.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 206, 1.8.1997, bls. 62, var nefnd  
í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/1999 frá 29. janúar 1999  
um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn,  
sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB nr. C 342, 14. 11. 1996, bls. 5.

(2) Stjtið. EB nr. C 30, 30. 1. 1997, bls. 20.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 28. nóvember 1996 (Stjtið. EB nr. C 380,  
16. 12. 1996, bls. 20), sameiginleg afstaða ráðsins frá 14. apríl 1997  
(Stjtið. EB nr. C 157, 24. 5. 1997, bls. 8) og ákvörðun Evrópuþingsins frá  
11. júní 1997 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun  
ráðsins frá 17. júní 1997.

(4) Stjtið. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 1.

*4. gr.*

Ákveða skal fyrirkomulagið, sem á að gilda frá og með árinu 2002, eigi síðar en 1. janúar 2001, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem skal lögð fram fyrir 1. janúar 2000.

*5. gr.*

Þessi tilskipun gildir ekki um umdæmi aðildarríkjanna handan hafsins.

*6. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*7. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júlí 1997.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. M. GIL-ROBLES

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. POOS

*forseti.*